

Fundur í skólaráði Fossvogsskóla, miðvikudaginn 30. júní 2021

Mætt: Karl Óskar Þráinsson, Agnar Freyr Helgason, Helena Rósa Róbertsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fjarverandi: Halla Gunnarsdóttir.

Fundur haldinn frá kl. 13:00 til kl. 15:00

Dagskrá fundar:

- Næstu skref í húsnæðismálum skólans. Fundur skólaráðs í kjölfar upplýsingarfundar USK og SFS um hvað skal gera í húsnæðismálum næsta skólaár.

- ✓ Guðrún Þorsteinsdóttir baðst lausnar úr skólaráði en hún hættir í Fossvogsskóla 31. júlí. Lagði til að Gísli Sigurðarson íþróttakennari tæki við af sér.
- ✓ Lagt var til af fulltrúa foreldra að Unnur Björnsdóttir gjaldkeri FFF tæki sæti grenndarsamfélagsins í ráðinu. Skólastjórnendur báðu um frest á því að taka afstöðu til þess. Áhugi er á því hjá þeim að halda tenginu við Víking og fulltrúi grenndarsamfélagsins komi þaðan.
- ✓ Umræða um skýrslu Eflu.
- ✓ Rætt var um hvort halda ætti stóra upplýsingarfundum fyrir starfsfólk skólans og foreldra. Ákveðið að byrja á því að senda sameiginlegan póst á þessa aðila með hlekk inn á glærur sem sýndu fjórar sviðsmyndir hvernig húsnæðismálum skólans geti verið háttað á næsta skólaári. Á fundi ráðsins kom einnig fram möguleiki á fimmtu sviðsmyndinni. Að allur skólinn yrði í færanlegum skólastofum á Víkingssvæðinu. Ljóst er að a.m.k. fram að áramótum verði 4.-7. bekkur upp í Korpuskóla og 1.-3. bekkur verði í Fossvoginum í færanlegum kennslustofum en rætt er um að staðsetning þeirra verði á bílastæði vestan við Fossvogsskóla. Einnig hefur verið rætt um að hafa þær í Víkinni.
- ✓ Ákveða á síðar hvort stór upplýsingarfundur verði fyrir starfsfólk og foreldra, í sitthvoru lagi eða saman.

Fundi slitið kl. 15:00